

Föstudagsmolinn

Framundan

Mánudagur 19. febrúar

Matseðill: Fiskur í orlý (þorskur) hrísgrjon, salat og grænmeti.

Þriðjudagur 20. febrúar

Matseðill: Grýta (lamba og nautakjöt) kartöflumús, salat og grænmeti

- Skólahjúkrun í 9. og 10. bekkur

Miðvikudagur 21. febrúar

Matseðill: Grjónagrautur, slátur, brauð og brauðsalöt.

- Nemendaráðsfundur kl 8:20
- Danskennsla

Fimmtudagur 22. febrúar

Matseðill: Plokkfiskur, rúgbrauð, salat og grænmeti.

- Danskennsla
- Heimanám í stofu 5. bekkjar

Föstudagur 23. febrúar

Matseðill: 1. bekkur hefur valið kjúklingaborgara og franskar.





Öskudagurinn

Öskudagurinn er alltaf einn af hápunktum skólaársins. Það er alltaf jafn ánægjulegt hversu duglegir nemendur eru að taka þátt. Nemendur á öllum aldri mættu í búningum í gær og er þessi dagur jafnan frábært hópefli og hin mesta skemmtun. Bekkirir velja sumir að vera í búningum eftir fyrirfram ákveðnu þema. 10. bekkur mætti í eighties klæðum, 9. bekkur mætti með Charlie and the Chocolate factory þar sem Stekkjastaur kom við sögu, 8. bekkur mætti sem hin geysivinsæla Hvolpasveit og 7. bekkur rokkaði svo feitt fram eftir degi.





Listsköpun

- Við hittumst á þriðjudögum frá 15:00-16:30 á Stúdíó Handbendi.

- Hópvinna ungmenna 10 ára og eldri sem koma saman til að teikna; læra um vatnsliti, stafræna teikningu og ástunda ýmsa aðra sköpun.
- Skráningargjald fyrir 13. febrúar til 23. apríl er 3.000 kr. og innifalið í því er efniskostnaður og þátttökugjald.
- Skráðu þig [hér](#) eða komdu í Stúdíó Handbendi og skráðu þig á staðnum.

DANSSÝNING

Danssýningin verður 27. febrúar kl 13 í Íþróttamiðstöðinni. Endilega smellið þessu í dagbókina því þið viljið ekki láta hana framhjá ykkur fara!

